

Skólasóknarkerfi 1.-10. bekk fyrir grunnskóla Reykjavíkur – leyfi og veikindi

Verkferill

Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdagana við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins

Þrep 1

5-9 veikinda /
leyfis dagar
Umsjónarkennari
hefur samband
við foreldra.

Þrep 2

10-14 veikinda /
leyfis dagar
Umsjónarkennari
boðar nemanda
og foreldra til
fundar ásamt
skólastjórnanda/
fulltrúa hans.

Þrep 3

15-19 veikinda / leyfis dagar
Umsjónarkennari tilkynnir
stöðuna til skólastjóra sem
tekur erindið upp í
nemendaverndarráði ef
þörf þykir. Ef 80% eða
meira af þessum forföllum
eru vegna veikinda getur
nemendaverndarráð tekið
ákvörðun um að fela
skólahjúkrunarfræðingi að
hafa samband við foreldra.

Þrep 4

20-29 veikinda /
leyfis dagar
Málið tekið upp í
nemendaverndarráði
sem getur tekið
ákvörðun um að
skólastjórnandi/fulltrúi
boði foreldra til fundar
ásamt umsjónarkennara
og fulltrúa skólaþjónustu
(viðbragðsteymi
skólaþjónustu)

Þrep 5

30 veikinda / leyfis dagar
eða meira.
Nemendaverndarráð
skólans tilkynnir til
Barnaverndar
Reykjavíkur. Málið unnið
skv. verklagsreglum
skóla- og frístundasviðs
og velferðarsviðs um
ábyrgð og skyldur
skólasamfélagsins vegna
nemenda með fjölþættan
vanda.

(Unnið upp úr skýrslu starfshóps: Viðmið um skólasókn í grunnskólum Reykjavíkurborgar, október 2019)